

28. desember 1970.

Við úrskurðun makalífeyris samkvæmt 18. gr. skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. 21. gr. taka tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, enda berist stjórn sjóðsins skrifleg tilkynning frá hlutaðeigandi bónda eigi síðar en 30. júní 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið. Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 1972.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Nr. 102.

Magnús Jónsson.

L Ö G

22. desember 1970.

um breyting á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:
Skulu sauðfjárbaðanir næst fara fram á tünabilinu 1. nóvember til 15. marz, veturinn 1971—1972. Eftir það er heimilt að baða annað hvort ár, en á sama tíma vetrar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Nr. 103.

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

28. desember 1970.

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarkhreggi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ í Landbroti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.